miðvikudagur, 29. mars 2017

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra
Suðurlandsvegur 1
850 Hella

Athugasemdir varðandi breytta landnotkun og deiliskipulag Árbæjarhellis land 2,

Við íbúar og landeigendur við Árbæjarveg leggjumst alfarið gegn fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi og deiluskipulagi við Árbæjarhelli lands 2 þar sem ætlunin er að breyta beitarlandi í verslunar- og þjónustusvæði.

Við Árbæjarveginn er mikill landbúnaður ásamt fjölda fólks í frístundabyggðum. Mikil áhersla er á hestamennsku á þessu svæði og flestir hestamenn og konur sem búa í frístundabyggðum

Umferð

Hingað til hefur umferð um Árbæjarveginn verið þolanleg fyrir þá sem eru með landbúnaðarrekstur en mikið aukið álag ofan á það sem þegar hefur verið samþykkt mikið áhyggjuefni með tilliti til umferðar og friðsældar.

Við sem mest erum á svæðinu urðum vör við t.d. þegar veginum við Rauðalæk var lokað, þá varð mikil aukning á umferð um Árbæjarveginn þrátt fyrir að vera um vetur og að miðjum degi.

Okkur finnst mikið vanmat vera í gögnunum varðandi áhrifa að völdum gesta og umferðar hvað varðar hestamennskuna og þann landbúnað sem er stundaður.

Það land sem fyrirhugað er undir verslun- og þjónustu í landi Árbæjarhellis, lands 2 er það fjarri Hellu og langt frá því að vera í göngufæri fyrir ferðamenn. Gestir myndu alltaf ferðast í farartækjum til Hellu.

Gestir gista stutt í kringum Hellu og munu þessar stuttu gistingar munu valda miklu álagi á komum og brottförum frá umræddu svæði.

Við afleggjara inn á Árbæjarveg við þjóðveg 1 er mjög algengt að sjá ferðamenn stöðva bíla í vegkanntinum til að klappa hrossum við það stykki sem þar er. Slík framganga ferðamanna er farin að valda gríðarlegri óánægju bænda víðsvegar við land og má gera ráð fyrir að sambærilegri hegðun ferðamanna við Árbæjarveginn þar sem fjöldi hrossa eru á beit á sumrin.

Þrjú helstu hrossaræktabú eru staðsett við Árbæjarveginn og mun þessi gríðarlega umferðaaukning og þungi af völdum hópferðabíla hafa mikil áhrif á atvinnustarfsemi þeirra sem veginn nýta mjög mikið. Stór hluti reiðmennsu á svæðinu fer fram meðfram Árbæjarveginum og m.a. eru hrosss rekin daglega yfir veginn í beit stóran hluta ársins.

Fram kemur í umræddum gögnum: *„Ætla má að umferð um nærumhverfið allt aukist, bæði gangandi og akandi.“ „Í þæginlegri göngufjarlægð við staðinn má nefna Árbæjarfoss og Ytri-Rangá“*

- Eru veiðimenn og íbúar- og sumarbústaðaeigendur við upplýstir um og sáttir við þessa auknu umferð inn á þeirra svæði og við veiðánna?

Sveitastjórn gerir ráð fyrir aukinni umferð um Árbæjarveg í gögnunum.

- Hvernig ætlar sveitarstjórn að tengja saman reiðvegi og akvegi með aukinni umferð smábíla og hópferðabifreiða?
- Þess ber að geta að íbúar við Árbæjarveg kvörtuðu við ferðaþjónustufyrirtækið TREX sumarið 2015 um hraðan akstur í gegnum hverfið sem fældi hesta ofl. Kom þá í ljós að ákveðnir bílstjórar voru að stytta

HB

leið sína í stað þess að fara upp veginn um Landvegamót. Engar áætlunarferðir voru um Ábæjarveg sumarið 2016 í framhaldi af þessum kvörtunum íbúa.

„Bætt þjónusta og upplýsingagjöf stuðlar að meira öryggi ferðamanna t.d. hvað varðar veðrabreytingar, einkum að vetri til. Einnig stuðlar upplýisngagjöf um gönguleiðir að bættri heilsu íbúa og ferðamanna og bætir nýtingu á þeirri afþreyingu sem er að hafa í næsta nágrenni og styður þannig við annaan rekstur á svæðinu."

- Af þessu má álykta að gera megi ráð fyrir ætlunin sé að reka upplýsingamiðstöð á svæðinu.
- Við hvaða annan rekstur á svæðinu er verið að tengja?

Fram kemur að áætlunarferðir fari um Árbæjarveginn á sumrin á leið upp á hálendið og að sveitarstjórn fjallar um aukningu ferðamanna í niðurstöðum sínum og ætla megi aukningu á ferðum inn á hálendi á veturna.

- Er sveitarfélagið að fara að tryggja umferð upp á hálendið á veturna?
- Hvernig ætlar sveitarfélagið að tryggja þá þjónustu gagnvart ferðaþjónustuaðilum.
- Við erum mótfallin því að Árbæjarvegur verði breytt úr tengiveg yfir í aðalveg upp á hálendi íslands með auknu álagi umferðar og hópferabifreiða um svæðið á öllum tímum sólarhringsins.
- Álag sem þetta hamlar og minnkar vinnusvæði okkar sem eru allt árið um hring á svæðinu.

Árbæjarvegur er skilgreindur sem tengivegur og þar sagt að umferð um hann munu aukast lítillega vegna uppbyggingar.

- Hverjar eru forsendur sveitarfélagsins í þessari fullyrðingu „aukast lítillega"?

Í niðurstöðum sveitarstjórnar kemur fram að frekari aukning verði á umferð um Árbæjarveg þegar ný vegtenging yfir Þjósá verður gerð.

- Hvernig ætlar sveitarfélagið að bregaðst við þeirri miklu aukningu um Árbæjarveg? Nýlega fékk vegurinn að hluta til slitlag, en styttist í kjölfar vöntunar á fjárveitingu.
- Ekki voru allir íbúar sammála þessari vegaframkvæmd sem fór fram í sumar.

Veitur og heitt vatn

Bændur þar þekkja vel til þess álag sem þar getur orðið á sumrin. Þar þarf að efla veitukerfið að hluta til. En ekkert heitt vatn er við Árbæjarveginn og hefur verið vandamál með kaldavatnið undanfarin ár.

Þjónusta?

Uppbyggingin á þjónar bæði íbúum og ferðamönnun.

- Hvaða íbúum og ferðamönnum?
- Á að beina öllum ferðamönnum upp Árbæjarveginn í leit að upplýsingum?
- Hvernig mun uppbyggingin þjóna íbúum í nærumhverfinu?

Verslun- og þjónusta

Farið er mjög frjálst með allar hugmyndir um fyrirhugaðarbyggingar og eigendum í raun gefnar opnar dyr á að gera hvað sem er á lóðinni. Núverandi eigendur hafa ákveðnar hugmyndir um uppbyggingu en ef landið er selt 3ja aðila t.d. aðila í ferðaþjónustu gæti þarna risið heilt hótel með 6m lofthæð.

Árbæjarvegur er mjög mikilvægur staður er hestamennskunar á Íslandi en þar er mikill fjöldi hrossa og fjöldi tamningamanna vinna á svæðinu og þá aðallega við Árbæjarveginn, en öll þjálfun hrossa fer fram meðfram veginum.

Stutt er í alla þjónustu á Hellu og engin þörf á frekari þjónustu við veginn.

- Ætlar sveitarfélagið að láta byggja ferðaþjónustu út um allar sveitir?
- Má ekki vernda svæði þar sem landbúnaður og frístundabyggðir er fyrir hendi? Þar eru allir í leit að frið og ró.

Fjöldi frístundalóða hefur farið mikið framúr aðalsskipulagi og allt að tvöfaldast mv það sem var áætlað.

Viðhorfsbreyting

Kallað er eftir viðhorfbreytingu sveitarfélagsins er varðar þjónustu við ferðamenn.

- Væri skynsamlegra að stýra ferðamanninum á eitt svæði s.s. við Gaddstaðaflatir þar sem boðið yrði upp á þá upplýsingagjöf sem nefnd eru í fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi og aðalskipulagi við Árbæjarveg Land2 ?
- Með því væri verið styðja undir þá uppbyggingu sem er á Hellu og styrkja innviði bæjarfélagsins á einum stað. Öryggi ferðamanna er orðið mjög mikilvægt og væri hægt að bregaðst við því kalli með nánu samstarfi við Safetravel og fleiri aðila með öflugri uppbyggingu hálendismiðstöðvar við Hellu.

Þegar hafa aðilar sýnt Gaddstaðaflötum áhuga og ýmsar hugmyndir í gangi. Með því að styrkja innviði á þessu svæði verða samlegðaráhrifin meiri og styrkurinn af klasasamstarfi tryggja frekari rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja sem eru í ferðaþjónustu.

Lagt er til að markaðssetja Hellu sem *hjarta íslenska hestsins* og vera *síðasti áfangastaður fyrir hálendi Íslands* með tilheyrandi upplýsingamiðstöð og þjónustu fyrir ferðamenn.

Mikið landrými er við Gaddstaðaflatir og fallegt víðsýni til allra átta. Flestir þekkja vel til Gaddstaðaflata þar sem Landsmót hestamanna hafa verið haldin í fjölda ára og nú hefur uppbygging Stracta Hótels styrki mikið þá innviði sem þar eru. Fjölbreytt þjónusta er á Hellu sem styrkir og eflir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Nú þegar eru nokkur frístundasvæði við veginn og meirihluti lóða sbr á Vatnhólum óbyggður.

Sem dæmi í landi Vatnshóla eru byggð 6 sumarhúsa sem eru nýtt reglulega en 27 lóðir eru enn óbyggðar. Þegar þær lóðir eru allar byggðar mun álagi aukast enn frekar, en í dag eru aðeins um 6 sumarbústaðir nýttir á landinu. Fram kemur í Aðalskiplagi að fjöldi lóða að Vatnhólum væru allt að 15 en þegar var farið langt fram úr þeim áætlunum og lóðir nú 34 talsins. Áætlaður fjöldi lóða í 15 hektara landi Árbæjarhellis er 15 talsins, í landi Árbakka er um 40 talsins á 50 hektara landi. Því má gera ráð fyrir miklum fjölda íbúa á svæðinu. Sátt er um þessar frístundalóðir fyrir fjölskyldur á svæðinu en ekki um verslunar – og þjónustusvæði fyrir ferðamenn.

Við hvetjum sveitarfélagið að endurskoða ákvörðun um að breyta landbúnaðarlandi yfir í verslun- og þjónustu við Árbæjarveginn.

Virðingarfyllst:

Nafn og kennitala

Íbúendur á Árbakka, landsvæði:

Ólöf Guðjónsdóttir 070366-4489

Hlynur Bragason 100968-4799